

Sveitarfélagið Ölfus
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 31. janúar 2024
UST202312-182/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Hlíðarendi vatnsverksmiðja - Sveitarfélagið Ölfuss.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss er barst 19. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu á deiliskipulagi fyrir Hlíðarenda í Ölfusi.

Í greinargerð kemur fram skipulagssvæðið er um 95 ha að stærð og nær yfir starfsemi vatnsátöppunarverksmiðju ásamt lögbýlinu á Hlíðarenda og fjórum frístundalóðum sem eru byggðar en hafa ekki verið afmarkaðar. Auk þess kemur fram að í aðalskipulagi sveitarfélagsins er svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði og um 40 ha iðnaðarsvæði (I6). Einnig segir að heimilt er að stækka verksmiðjuna úr 10.000 m² í 50.000 m² og í tengslum við rekstur verksmiðjunnar verður skilgreind lóð vegna starfsmannahúsa og veitingasala, aðallega í tengslum við sölu/kynningu á hreinu vatni.

Ekki kemur fram hversu mikið vatn er nýtt í dag og hversu mikið vatn verður nýtt í framleiðslu verksmiðjunnar í framtíðinni.

Vatn

Umhverfisstofnun bendir á að lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála hafi verið innleidd með gerð vatnaáætlunar Íslands 2022 - 2027. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögnum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera **í samræmi** við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar. Lögin ná yfir allt grunnvatn og allt yfirborðsvatn.

Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála skulu öll vatnshlot ná þeim umhverfismarkmiðum sem hafa verið sett fyrir þau. Fyrirhuguð starfsemi liggur á mörkum tveggja grunnvatnshlota Selvogstraumur 3 (104-290-G) og Ölfusstraumur 3 (103-268-G), en umhverfismarkmið þessara vatnshlota er að vera með góða magnstöðu. Magnstaða vatnshlotanna hefur ekki verið metin og því er ekki hægt að staðfesta raunverulegt ástand grunnvatnshlotanna né

staðfesta sjálfbæra nýtingu þeirra. Umhverfisstofnun bendir á að umhverfismarkmið vatnshlota eru lagalega bindandi.

Hugsanlegt er að vatnstakan geti haft neikvæð áhrif á magnstöðu en magnstaða er mælikvarði á það hversu mikil áhrif, bein eða óbein, vatnstaka hefur á grunnvatnshlot og er eini mælikvarðinn til að tryggja sjálfbæra nýtingu grunnvatns. Gera þarf mat á áhrifum fyrirhugaðrar starsemi og hvort hætta sé á því að umhverfismarkmið vatnshlotanna náist ekki. Tryggja þarf að magnstaða grunnvatnshlotanna versni ekki. Umhverfisstofnun bendi á að samkvæmt skýrslu¹ Veðurstofu Íslands sem unnin var vegna innleiðingar laga um stjórn vatnamála var bent á að fyrirséð væri álag vegna vatnstöku í báðum grunnvatnshlotunum sem framkvæmdin nær til (Selvogsstraumur 3 og Ölfusstraumur 3). Umhverfisstofnun bendir jafnframt á mikilvægi þess að það komi fram hvert umfang starfseminnar er.

Umhverfisstofnun bendir á að ef áhrifamatið leiðir í ljós hnignun eða mögulega hnignun skv. 18 gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála þarf framkvæmdaaðili að sækja um heimild til stofnunarinnar til breytingar á vatnshlotti.

Mat á því að vatnstakan hafi ekki neikvæð áhrif á grunnvatnsstöðu er tekin við leyfisveitingu þess stjórnvalds (Orkustofnun).

Hraun

Í greinargerð kemur fram að innan skipulagssvæðisins er hraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í greinargerð kemur fram að byggingarreitur verksmiðjunnar er á sandiorpnu helluhrauni sem nýtur sérstakrar verndar en hefur það óveruleg áhrif á hraunið þar sem á þessum slóðum þekur slíkt hraun hundruð ferkílómetra.

Umhverfisstofnun bendir á það réttlætir ekki röskun á nútímahrauni sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 að það sé svo mikið af því.

Auk þess kemur fram í greinargerð að hrauni hefur verið raskað að hluta vegna framkvæmda þá vill Umhverfisstofnun vekja athygli á því að það réttlæti ekki frekara raski á hrauni.

Umhverfisstofnun bendir á að eldhraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Ákvæðið

¹ Davíð Egilson, Gerður Stefánsdóttir og Tinna Þórarinsdóttir (2020). [Tillögur að grunnvatnshlotum sem kunna að vera undir marktæku álagi vegna vatnstöku og/eða endurnýjunar af mannavöldum](#). Veðurstofa Íslands, DE/ofl./2020-02. 11 bls.

útilokar þó ekki að aðrir eiginleikar, svo sem jarðsögulegir eiginleikar eða eiginleikar þess gróðurs sem vex á svæðinu, hafi sérstakt verndargildi.

Umhverfisstofnun tekur undir að hraunið er að hluta til sandorpið og komið með þónokkra gróðurhulu og þar af leiðandi misst að hluta til verndargildi sitt. En stofnunin bendir á að á mörgum stöðum eru sjáanlegar jarðmyndanir sem vert er að vernda og leggur stofnunin til að svæðið sé hannað (afmarka byggingareiti og vegagerð) í samræmi við verndargildi svæðisins.

Því leggur stofnunin áherslu á að það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask hrauns sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur